

KJARASAMNINGUR
milli
Samiðnar, sambands iðnfélaga
og
Orkuveitu Reykjavíkur

Samningur þessi er tvíþættur, annars vegar aðfararsamningur sem kveður á um framlengingu gildandi kjarasamnings til 22. júní 2011 og hins vegar kjarasamningur sem gildir frá 22. júní 2011, með þeim fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

Aðfarasamningur

Kjarasamningur aðila framlengist óbreyttur til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

Kjarasamningur frá 22. júní 2011

1. gr.

Samningur þessi gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 ekki gildi hinn 22. júní 2011 skal sama gilda um þennan samning og falla þá öll ákvæði hans úr gildi. Verði samningar framlengdir af SA eða ASÍ til 31. janúar 2012 skal sama breyting verða á gildistíma samnings þessa. Taka þá launabreytingar 2011 gildi sem og almenn ákvæði og bókanir með samningnum.

2. gr.

Laun og launatafla hækka sem hér segir:

1.6. 2011:	4,25%.
1.2. 2012:	3,5%.
1.2. 2013:	3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 59.600.

Á árinu 2012 kr. 61.600.

Á árinu 2013 kr. 63.600.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 26.900.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 28.700.

Lev
104

BA
BA

Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

4. gr.

Ýmis ákvæði

Eftirtalin ákvæði úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti samnings þessa:

- Greiðsla yfirvinnu með frítöku
- Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar munu jafnframt fara yfir önnur ákvæði í kjarasamningi ASÍ og SA og færa inn í kjarasamning aðila eftir því sem við á.

5. gr.

Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.


6. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings




Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 föstudaginn 10. júní.

Reykjavík, 1. júní 2011

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga


Bjarni Árnason.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur
sameignarfyrtækis með fyrirvara
um samþykki stjórnar


Skúli Waldorf

Jóna Dóra Þrótt

Óskar Norð

Bókun um leyfi frá störfum

Það er hluti mannauðsstefnu OR að koma á mótis við óskir starfsmanna um leyfi frá störfum, verði því við komið vegna starfseminnar. Er þá gert sérstakt samkomulag milli OR og hlutaðeigandi starfsmanns þar sem fram kemur lengd leyfis og skilyrði leyfisveitingar.

Yfirlýsing 2011

OR mun sérstaklega huga að því að ekki séu möguleikar á gerviverktöku við gerð og framkvæmd útboða á vegum OR.

OR mun leggja þau viðmið til grundvallar við gerð útboðsgagna og val á tilboðum sem fram koma í yfirlýsingu ASÍ og SA frá 5. maí 2011. Þau viðmið takmarka ekki rétt OR til að gera ríkari kröfur til verktaka en þar kemur fram.

See
WA

WA
BA

BREYTING Á SAMKOMULAGI

Orkuveita Reykjavíkur, sameignarfyritæki, annars vegar og Rafiðnaðarsamband Íslands, Samiðn, samband iðnfélaga og VM félag vélstjóra og málmtæknimanna hins vegar, gera með sér svofellda breytingu á gildandi samkomulagi um kaupaukakerfi.

9. gr. um veikindi og slys orðist svo:

Í langvinnnum veikindum og fjarveru vegna slysa við framkvæmd vinnu heldur starfsmaður, sem að staðaldri vinnur samkvæmt samkomulagi þessu, meðalbónus sínum eins og hér segir:

Í langvinnnum veikindum greiðist meðalbónus frá og með fjórðu viku samfelldra veikinda.

Í fjarveru vegna slysa við framkvæmd vinnu greiðist meðalbónus frá og með annarri viku samfelldra fjarvista.


Meðalbónus starfsmanns skal reiknaður út frá 12 mánaða tímabili sem lýkur í lok almanaksmánaðar fyrir upphaf veikinda / fjarveru vegna slyss.

Kaupauki greiðist ekki að öðru leyti í veikinda- og slysatilfellum.

Samkomulag þetta gildir frá 1. júní 2011.

Reykjavík, 1. júní 2011


f.h. Orkuveitu Reykjavíkur,
sameignarfyritækis




f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



f.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



f.h. VM félags vélstjóra og málmtæknimanna




Yfirlýsing vegna launataxta iðnaðarmanna


Samningsaðilar eru sammála um að við endurnýjum kjarasamninga árið 2014 verði leitað leiða til að taka inn nýtt launaprep m.v. 7 ára sveinspróf.

Reykjavík, 1. júní 2011

F.h. OR



F.h. RSÍ, VM og Samiðnar



Björn Rúnarsson